

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf

Skýrsla tengiliðar við gagnagrunn KI til umdæmisstjórnarfundar 12. janúar 2012

Í byrjun september barst áminning frá KI um að tímabært væri að skila uppfærslu á félagatali en í ljósi fyrri reynslu voru skil dregin eins og hægt var og síðustu uppfærslu skilað 26. september – þó í góðri samvinnu við tölvudeild KI að sjálfsögðu. Vonandi hafa skilaboð um mikilvægi þess að uppfæra félagatal tímanlega fyrir lok starfsárs skilað einhverri fækkun athugasemda vegna erlendra gjalda.

Það var hinsvegar í lok júlí sem beðið var um nýjan lista yfir embættismenn klúbba. Upplýsingum um nýja stjórn eiga klúbbar að skila með maí skýrslu þannig að ekki ætti að vera vandkvæðum bundið að vinna þennan lista og hafa tilbúinn á þessum tíma. Það hefur hinsvegar komið í ljós að mikill misbrestur er á að klúbbar skili inn þessum upplýsingum tímanlega og listinn sem var sendur til KI í september var satt að segja frekar fátæklegur. Rétt er þó að geta þess að núverandi umdæmisritari hefur uppfært þessar upplýsingar í gagnagrunninum og listanum hefur verið komið til skila. Það er hinsvegar mikilvægt að listinn sé uppfærður tímanlega til að efni frá KI sem ætlað er embættismönnum klúbba berist til réttra aðila. Gott væri ef svæðisstjórar gætu minnt á þetta.

Nú í janúar var beðið um lista yfir svæðisstjóra umdæmisins. Einfalt er auðvitað að útbúa hann fyrir yfirstandandi starfsár og mun það verða gert. Ekki hefur verið haldið utan um þessar upplýsingar í gagnagrunni umdæmisins.

Lítið hefur miðað í átt að því að aðalútgáfa félagatals umdæmisins verði vistuð hjá aðalstöðvum KI. Þeirra megin er þó allt til reiðu til að hefja prófanir og stendur upp á undirritaðan að hefja þá vinnu.

Fulltrúar nokkurra klúbba hafa haft samband til að fá aðgang að félagatalinu á vefnum og greinilegt að það stefnir í rétta átt með að koma viðhaldi upplýsinga um féлага til klubbanna sjálfra.

Með Kiwaniskveðju,
Konráð Konráðsson, tengiliður við gagnagrunn KI

